


ÁRSSKÝRSLA 2003



*Ölfusárbrúin séð frá Tryggvaskála um 1925
Vindubrunnur, sem þar var, er fremst til vinstri á myndinni
Ljósmyndari: Eyjólfur Eyjólfsson skósmiðu*

Annáll 2003

Rekstur safnsins varð umsvifameiri en nokkru sinni áður. Björn Pálsson héraðs-skjalavörður var í 70% stöðu allt árið. Jón Börkur Ákason skjalavörður, sem hóf árið í 40% hlutfalli, fékk tímabundna lausn frá störfum fyrri hluta árs til þess að ljúka meistaranámi við HÍ og hvarf síðan alveg af vettvangi í nóvember vegna doktorsnáms. Ragnar Böðvarsson, þaulsætnasti fræðimaður á safninu, hljóp þá í skarðið sem aðstoðarmaður héraðsskjalavardar til ársloka. Stjórn og varastjórn var óbreytt og skoðunarmenn ársreiknings hinir sömu og árið 2002. Í febrúar varð það að samkomulagi við Ólaf Helga Kjartansson sýslumann, að HérÁrn annaðist flokkun og frágang skjala sýslumannsembættisins í umboði Þjóðskjalasafns Íslands. Að því var unnið til ársloka og Þorsteinn Tryggvi Músson sagnfræðingur stjórnaði því verki að hálfu HérÁrn. Már Ingólfur Músson, ungur sagnfræðinemi, kom þar til aðstoðar síðast á árinu. Í árslok var lokið frágangi á 1000 skjalaöskjum og þær fluttar á Þjóðskjalasafn. Síðari hluta september var hafin móttaka og flokkun skjala Kaupfélags Árnesinga og að loknum fyrsta áfanga þess verkefnis í nóvember fylltu flokkuð og skráð skjöl KÁ 70 hillumetra í geymslum safnsins. Ráðinn var gamalreyndur starfsmaður kaupfélagsins, Gunnar Á. Jónsson, til aðstoðar og KÁ lagði til einn mann á starfslokasamningi. Beinn útlagður kostnaður HérÁrn vegna þess verkefnis var um 500.000 kr. og er þá ótalin framlögð vinna starfsmanna safnsins sem mun hafa numið rúmlega þeirri sömu upphæð.

Afhendingar til safnsins voru um 75. Auk skjala KÁ má nefna skjöl verkalýðsfélaga, Hrunamannahrepps og sýslunefndar Árnessýslu og hreppstjóra frá sýslumannsembættinu. Merkilegt ljósmyndasafn Eyjólfssonar skósmiðs var afhent safninu af börnum hans og Ragna Hermannsdóttir, sem rak ljósmynda-stofu í Hveragerði um 20 ára skeið, afhenti myndasafn sitt vel flokkað.

Rekstrartekjur safnsins urðu 9.596.899 kr. eða tæplega 34% umfram áætlun. Munar þar mestu um 2.000.000 kr. sem fengust fyrir flokkun skjala sýslumannsembættisins. Rekstrargjöld urðu 8.983.265 kr. og fóru rúm 25% fram úr áætlun. Lausafjársstaðan batnaði því um 613.634 kr. Í stofnbúnaðarkaupum var ný iMac tölva það helsta og forveri hennar sem þjónað hafði safninu í rúm sex ár var afskrifuð.

Gestir safnsins urðu 1147 og var það aukning um 228 frá fyrra ársmeti. Þann 22. maí var opnuð sýning á ljósmyndum Eyjólfssonar skósmiðs og voru afkomendur hans og nán skyldmenni viðstödd. Sú sýning var höfð uppi til ársloka. Norrænt þing skjalavarda var haldið í Reykjavík dagana 6.-10. ágúst og sótti héraðsskjalavörður það ásamt tveimur aðstoðarmönnum sínum. Það sem einkum vakti athygli á þeirri ráðstefnu voru stórmerk erindi um rafræna skjalavörslu.

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu. Hinn fyrri var 19. febrúar þar sem gengið var frá skýrslu og reikningi ársins 2002. Hinn síðari var haldinn 12. nóvember þar sem fjárhagsáætlun ársins 2004 var meðal annars afgreidd.

Við árslok er margt óunnið við frágang þess mikla magns skjala og ljósmynda sem bárust safninu á árinu. Þá var safnið farið að taka við skjölum Ólafs Ketilssonar sérleyfishafa á Laugarvatni og einnig skjölum Gnúpverjahrepps. Því er ljóst að í mörg horn verður að líta á Héraðsskjalasafni Árnesinga í næstu framtíð.

**Viðskiptavinum öllum, notendum
og gefendum, er þakkað samstarfið**

héraðsskjalavörður

Úr aðfangaskrá Héraðsskjalasafns Árnesinga 2003

A Opinber skjöl sveitarfél. o.fl.:

- 1) Afréttarmálafélag Flóa og Skeiða
- 2) Grafningshreppur
- 3) Grímsneshreppur, félagsheimilið Borg
- 4) Grunnskólinn á Laugarvatni
- 5) Grunnskólinn í Hveragerði
- 6) Heilbrigðisstofnun Suðurlands/ljósmaður
- 7) Héraðsnefnd Árnesinga
- 8) Hitaveita Brautarholts á Skeiðum
- 9) Hreppstjórinn í Hveragerði
- 10) Hrunamannahreppur
- 11) Hrunasókn
- 12) Laugaráslæknishérað
- 13) Rannsóknarmiðstöð HÍ í jarðskjálftaverkfr.
- 14) Sandgræðsla ríkisins
- 15) Selfoskaupstaður, leikskólafulltrúi
- 16) Skeiðahreppur

- 17) Skólaskrifstofa Suðurlands
- 18) Stokkseyrarhreppur
- 19) Sýslunefnd Árnessýslu

B Skjöl félaga, fyrirtækja og einstaklinga:

- 1) Alþýðusamband Suðurlands
- 2) Benedikt Franklínsson
- 3) Brunabótafélag Íslands/Samvinnutryggingar
- 4) Félag byggingariðnaðarmanna Árnessýslu
- 5) Fóðurbirgðafélag Hrunamannahrepps
- 6) Gestur Oddleifsson
- 7) Guðfinna Hannesdóttir
- 8) Gýgjarhólskot
- 9) Helgi Ívarsson, Hólum, Stokkseyrarhr.
- 10) Hlíðskógar í Bárðardal/Ragna Hermannsd.
- 11) Iðnaðarmannafélagið á Selfossi
- 12) Jarðefnarannsóknir hf.
- 13) Jón og Elín, Lambhaga Ölfusi
- 14) Jón Ingvarsson, Skipum, Stokkseyrarhr.
- 15) Kaupfélag Árnesinga
- 16) Lífeyrissjóður byggingamanna

Sá/Sú sem afhenti:

Sveinn Ingvarsson
Steingrímur Gíslason
Margrét Sigurðardóttir sveitarstj.
Helgi Baldursson
Skólastjóri
Svanborg Egilsdóttir
Skjalastjóri Árborgar
Sveinn Ingvarsson fv. oddviti
Sýslumaður Árnessýslu
Loftur Þorsteinsson fv. oddviti
Marta Hjaltadóttir
Loftur Þorsteinsson
Jón Börkur Ákason
Jón Ingi Sigurmundsson
Skjalastjóri Árborgar
Sveinn Ingvarsson fv. oddviti

Kristín Hreinsdóttir
Grétar Zóphaníasson
Ólafur H. Kjartansson sýslum.

Sá/Sú sem afhenti:

Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson
Benedikt Franklínsson
VÍS-umboðið á Selfossi
Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson
Loftur Þorsteinsson fv. oddviti
Auður Gestsdóttir
Jón Börkur Ákason o.fl.
Arnheiður Þórðardóttir
Jón Börkur Ákason
Ragna Hermannsdóttir
Einar Sigurðsson
Einar Elíasson
Elín Ólafsdóttir
Helgi Ívarsson
Stjórn og framkvæmdastjóri
Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson

- | | | |
|-----|---|---|
| 17) | Nautgriparæktunarfélag Hrunamanna | Esther Guðjónsdóttir o.fl. |
| 18) | Nautgriparæktarfélag Villingaholtshrepps | Eiríkur K. Eiríksson |
| 19) | Pöntunarfélag verkamanna | Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson |
| 20) | Samvinnufélag Stokkseyringa | Hörður og Anna Guðrún í Holti |
| 21) | Sigurður Guðmundsson bóksali | Böðvar Guðmundsson |
| 22) | Sigurður Ingólfur Sigurðsson | Hörður og Anna Guðrún í Holti |
| 23) | Sigurmundur Guðjónsson | Jón Ingi Sigurmundsson |
| 24) | Skeggjastaðir í Hraungerðishreppi | Sigríður Guðjónsdóttir |
| 25) | Stúkan Brúin, Selfossi | Einar Sigurðsson |
| 26) | Sunniðn | Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson |
| 27) | Sveitarprýði í Grímsnesi / söfnunarsjóður | Kjartan Helgason í Haga |
| 28) | Ungmennafélag Hrunamanna | Loftur Þorsteinsson |
| 29) | Ungmennafélag Selfoss / knattspyrnudeild | Bæjar- og héraðsbókasafnið |
| 30) | Verkalýðsfélagið Báran / Þór | Verkalf. á Suðurl. Kristján Jónsson o.fl. |
| 31) | Öruggur akstur, klúbburinn í Árnessýslu | Erling Gunnlaugsson |

C Ljósmyndir afhentu:

Börn Eyjólfssonar skósmiðs, Ragna Hermannsdóttir ljósmyndari, Eiríkur Þór Sigurjónsson, Þór Guðmundsson o. fl.

Héraðsskjalasafn Árnesinga
(skammstöfun HérÁrn)

Austurvegi 2, pósthólf 2, 802 SELFOSS. Kt. 630189-2849
Sími 482-1259 og netfang herarn@simnet.is

Opnunartími

Mánudaga, þriðjudaga og föstudaga kl. 14:00 - 18:00
og fimmtudaga kl. 14:00 - 19:00

Stjórn safnsins

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, formaður
Magnús Á. Ágústsson, Lindarbrekku, Hveragerði, varaformaður
Árni Erlingsson, Birkivöllum 22, Selfossi, ritari

Héraðsskjalavörður

Björn Pálsson, Heiðarbrún 51, Hveragerði, sími 483-4389 og 861-5092

REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2003

	2003	Áætlun	2002
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>			
Héraðsnefnd Árnesinga	6.520.000	6.520.000	6.240.000
Þjóðskjalasafn Íslands	800.000	500.000	800.000
Styrkur fyrirtækja til kortakaupa	0	0	2.000

Seld þjónusta	2.272.800	150.000	212.350
Vaxtatekjur	<u>4.099</u>	<u>0</u>	<u>11.038</u>
Samtals	<u>9.596.899</u>	<u>7.170.000</u>	<u>7.265.388</u>

REKSTRARGJÖLD:

Laun og launatengd gjöld	6.621.010	4.850.000	4.696.788
Annar rekstrarkostnaður	2.142.466	1.920.000	1.782.141
Afskrifuð viðskiptakrafa	0	0	39.000
Vaxta- og færslugjöld	3.145	0	2.868
Stofnbúnaður	<u>216.644</u>	<u>400.000</u>	<u>424.243</u>
Samtals	<u>8.983.265</u>	<u>7.170.000</u>	<u>6.945.040</u>

HÆKKUN (LÆKKUN)

<u>Á HREINU VELTUFÉ:</u>	<u>613.634</u>	<u>0</u>	<u>320.348</u>
---------------------------------	----------------	----------	----------------

BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:

Veltufjárstaða í árslok	1.213.912	600.278	600.278
Veltufjárstaða í ársbyrjun	<u>600.278</u>	<u>600.278</u>	<u>279.930</u>
<u>BREYTING Á ÁRINU</u>	<u>613.634</u>	<u>0</u>	<u>320.348</u>